

Mál nr. 446/2011

M

og

Vátryggingafélagið X v/A og B

Árekstur á gatnamótum Snorrabrautar og Bergþórugötu 21.08. 2011.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 30.10. 2011.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 15.11. 2011.
- 3) Bréf ökumanns B vegna málskotsins, dags. 16.11. 2011.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M ók bifreið sinni A suður Snorrabraut en ökumaður B ók bifreið sinni ók norður Snorrabraut. B ók inná gatnamótin í U-beygju að því er hann heldur fram á grænu ljósi en A er ósammála því sbr. fyrirliggjandi gögn. Fyrirliggjandi er frásögn vitnis sem getið er í skýrslu lögreglu. Það telur að A hafi verið ekið á móti rauðu ljósi.

Vátryggingafélagið og tjónanefnd vátryggingafélaganna telja að ökumaður A beri ábyrgð á árekstrinum fyrir að aka gegn rauðu umferðarljósi.

Óþarft er að geta umfjöllunar M í málskotinu.

Álit

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum þ.á m. frásögn vitnis, sem telur að rautt ljós hafi logað fyrir umferðarstefnu A, verður öll sök lögð á ökumann A sem ók á B. Lagt er til grundvallar að A hafi ekið á móti rauðu umferðarljósi. Ökumaðurinn virðist ekki hafa hugað nægjanlega að því sem framundan var og því ekið á B.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber ábyrgð á árekstrinum.

Reykjavík 7. desember 2011

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.